



Þjónustusamningur við Íslenska sjávarklasann ehf.

Hér með gera Faxaflóahafnir sf., kt 530269-7529, annars vegar, og Íslenski Sjávarklasinn ehf., kt: 490112-1890, hins vegar, með sér eftirfarandi

ÞJÓNUSTUSAMNING VIÐ ÍSLENSKA SJÁVARKLASANN

1. Almenn

Tilgangur samstarfsvettvangs sjávarklasans er að efla samkeppnishæfni og verðmætasköpun íslenskra fyrirtækja sem byggja afkomu sína á nýtingu sjávar, með beinum eða óbeinum hætti.

Markmiðin eru:

- a. Móta sameiginlega stefnu fyrir samstarfsvettvanginn um það hvernig auka megi verðmætasköpun fyrirtækjanna.
- b. Efla samskipti fyrirtækjanna og byggja upp traustan samstarfsgrundvöll fyrir fyrirtækin.
- c. Stofna til samstarfsverkefna milli fyrirtækja (fyrirtækjahópa) í klasanum, á þeim sviðum sem fyrirtækin ákveða – þó með sérstaka áherslu á nýsköpun og alþjóðlega markaðssókn.
- d. Stuðla að framþróun og nýsköpun í þeim greinum sem mynda klasann, í samstarfi fyrirtækjanna við menntastofnanir.
- e. Kynna og vekja athygli á þýðingu klasans og fyrirtækjanna fyrir verðmætasköpun, atvinnu- og tækniþróun á Íslandi.

Faxaflóahafnir sf. eru í hópi samstarfsaðila sjávarklasans.

Samningur þessi tekur á:

- a) Meginlínium við framkvæmd samstarfsins.
- b) Hlutverki, skyldum og ávinningi Íslenska sjávarklasans ehf. og samstarfsaðila.

2. Hlutverk, skyldur og ávinningur samstarfsaðila

Hlutverk og ávinningur samstarfsaðila er:

- a) Að taka beinan þátt í því klasastarfi sem hann óskar eftir, eins og flutninga- og hafnarklasa, sjávarútvegsklasa, tækniklasa o.s.frv. Það skal einnig tilnefna tiltekinn tengilið fyrirtækisins við Íslenska sjávarklasann ehf.
- b) Að hafa aðgang að tengslaneti sjávarklasans bæði hér á landi og erlendis.
- c) Að skuldbinda sig til að taka þátt í klasanum, vera aðili að sameiginlegum vefmiðlum klasans (Linkedin o.fl.), eins og við á, og miðla af þekkingu sinni og tengslum, innan þeirra marka sem samkeppnissjónarmið setja.
- d) Að fyrirtækisins verði getið í kynningarefni klasans og geta þeir nýtt sér merki klasans (bæði á íslensku og ensku).

3. Samningstími

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2017 til 31. desember 2020 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

4. Upphæð og lengd samnings

Faxaflóahafnir sf., skuldbinda sig hér með til að greiða ársfjórðungslega 199.000 kr. auk virðisaukaskatts til Íslenska sjávarklasans ehf. á samningstímabilinu vegna klasastjórnunar. Gjaldið hækkar árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs. Faxaflóahafnir sf. geta sagt upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara og tekur uppsögn gildi um mánaðarmót. Uppsögn skal vera skrifleg, dagsett og send Íslenska sjávarklasanum ehf. með sannanlegum hætti.

5. Ágreiningur

Samningur þessi skal lúta íslenskum lögum. Rísi ágreiningur milli aðila vegna samnings þessa skulu aðilar reyna eftir fremsta megni að leysa ágreining sín á milli en ellegar skal bera ágreining aðila undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

6. Undirritun og eintök samnings

Öllu framanrituðu til staðfestu rita fulltrúar aðila nöfn sín undir samning þennan. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda einu eintaki.

Reykjavík, ____ . desember 2016

F.h. Faxaflóahafna sf.

F.h. Íslenska sjávarklasans ehf.

Gísli Gíslason

Berta Daníelsdóttir